



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Heiðarborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4	Innra mat xxx deildar/deilda 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).....	9
5	Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt)	18
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	20
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	21
8	Foreldrasamvinna.....	22
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
10	Fylgiskjöl	24



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024-2025 einkenndist af mikilli vinnu starfsmannahópsins í skólaverkefninu okkar og sagt var frá í síðustu starfsáætlun. Verkefni þetta er samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins (VE), Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og Kennarasambands Íslands (KÍ) um vinnuumhverfi starfsfólks í leik- og grunnskólum. Starfsfólk Heiðarborgar var einhuga um að leggja sitt af mörkum til að bæta vinnustaðarmenninguna og fór mikil vinna t.d. í útfærslu og endurgerð samskiptasáttmálans okkar út frá einkunnarorðum skólans, vinátta – gleði – virðing. Til að öllum líði vel þarf starfsfólk að vita til hvers er ætlast af þeim, upplifa öryggi og traust og er móttaka nýliða, sem við ákváðum að efla, stór þáttur í því.



Svo vel hefur tekist til að Heiðarborgin færðist upp um 64 sæti á milli ára í Sameykiskönnuninni - stofnun ársins, úr sæti 219 og í 155. Þá urðu niðurstöður úr könnun sem Félagsvísindastofnun HÍ gerði fyrir skólaverkefnið áberandi betri núna en fyrir ári síðan (sjá fylgiskjöl). Við munum auðvitað halda þessari vinnu áfram því hér má ekki slá slöku við.

Rannsóknarverkefnið „litlir laukar – bragðlaukaþjálfun“ sem við tókum þátt í með doktorsnema í HÍ fór af stað eftir áramótin og mæltist einstaklega vel fyrir. Börnin fengu að kanna ýmsa ávexti, grænmeti, fræ og krydd með öllum skynfærum sínum sem hafði þau áhrif að mörg þeirra urðu hugrakkari í að smakka matinn og jafnvel borða það sem þau höfðu ekki borðað áður. Þessar stundir voru einstaklega skemmtilegar bæði fyrir börn og kennara og áhuginn mikill hjá öllum og langar okkur að halda áfram með þessa vinnu veturinn 2025-’26.



Í sumar, eins og síðastliðið sumar, munu börnin taka þátt í að rækta sitt eigið grænmeti og fá þannig innsýn inn í hvaðan grænmetið kemur, hvernig við getum hugsað um náttúruna og orðið sjálfbærari. Þetta hefur síðan áhrif inn í bragðlaukaþjálfunina því það er miklu

skemmtilegra að borða það sem maður hefur ræktað sjálfur.

Talandi um ræktun þá hefur vinnan við bambahúsið verið virkilega skemmtileg. Vorið 2024 gróðursettum við gúrku- og tómataplöntur, jarðaber, gulrætur og rófur ásamt nokkrum kryddjurtum og fleiru. Börnin tóku þátt í að vökva, reyta arfa og annað sem þarf að gera í gróðurhúsi og þá 20 daga sem leikskólinn var lokaður um sumarið tóku fjölskyldur barnanna þátt í að vökva og gekk það einstaklega vel. Við uppskárum eins og við sáðum; fjöldan allan af tómötum, risastórar agúrkur, gómsæt jarðaber o.fl. Sumt tókst mjög vel en annað ekki og við lærðum af þessu öllu.



Deildirnar í Heiðarborg eru fjórar, Brekka fyrir 1-2 ára börn, Lundur fyrir börn 2 og 3 ára og síðan eru tvær deildir, Laut og Bali, með 3-5 ára börn sem er frekar breiður aldurshópur og erfitt að sinna

hverjum fyrir sig svo vel sé. Því langar okkur að gera þær breytingar að önnur eldri deildin verði fyrir börn 3-4 ára og á hinn yfirlit þá 4-5 ára börn. Við erum þegar byrjuð að undirbúa ferlið og mun breytingin eiga sér stað á komandi hausti. Deildirnar munu þó halda áfram að starfa saman í gegnum flæði, hópastarf, útinám og fleira en núna verður hægt að skipuleggja starfið og vinna með það á markvissari hátt, sinna hverjum árgangi betur og hanna deildirnar með minna aldursbil í huga. Á komandi skólaári munum við einnig fara í þá vinnu að skrá markmið okkar með hvern aldurshóp fyrir sig og hverri kennsluaðferð þ.e. með útinámi, með hópastarfi, með hinu og þessu, setja það niður á blað og í kjölfarið uppfæra skólanámskrána aftur (og nýbúin).

Markmið okkar er að gera Heiðarborgina að enn betri skóla þar sem góð vinnustaðamenning ríkir og starfsfólk upplifi sálrænt öryggi, börnunum líður vel og foreldrar eru ánægðir. Þetta er háleitt markmið sem tekur tíma að ná og þarf alltaf að vera í stöðugri vinnslu og þróun.

Starfsmannahópurinn í Heiðarborg er samheldinn og hjálpsamur hópur sem er almennt jákvæður og glaðlyndur. Í vetur voru tveir úr hópnum í námi, annar í leikskólakennarafræðum og hinn í grunnskólakennaranámi en á komandi vetri munu fjórir bætast í námsmannahópinn, tveir ófaglærðir sem ætla að skella sér í leikskólakennarann (annar í fjarnámi frá Póllandi), sérkennslustjórinn okkar sem mun sækja sér kennsluréttindi og þá ætla leikskólastjórinn að auka við sig þekkingu. Og talandi um leikskólakennaranámið þá fengum við á vormánuðum tvo leikskólakennaranema til okkar í þrjár vikur sem var frábær vítamínsprauta fyrir starfið og vinnustaðamenninguna.

Það hefur verið virkilega gaman að upplifa þessar jákvæðu breytingar sem verið hafa hjá okkur í vetur svo jafnvel foreldrar hafa tekið eftir því en hér má ekki slá slöku við því þetta er ferli sem þarf alltaf að vera í gangi.

Áfram Heiðarborg!





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Aðbúnaður, nýting húsnæðis og ráðstöfun auðlinda
Hvernig fór matið fram?	Með gátlista deildarfunda
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn deildanna
Helstu niðurstöður mats	Húsnæðið og leikvöllurinn vel nýtt en vinnuaðstaðan ekki nógu góð. Mannauðurinn nýttur en þó má alltaf gera betur. Leikefni vel nýtt en illa farið með. Virkja starfsfólkið betur og kenna börnunum að fara betur með hlutina.

Hvað var metið?	Mál- og hugtakanám
Hvernig fór matið fram?	með Ecers lista
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn deildanna
Helstu niðurstöður mats	Heildarniðurstaða var 5,6 af 7 mögulegum. Málið er mikið notað, efniviðurinn fjölbreyttur og samræður milli barna og kennara algengar.

Hvað var metið?	Endurmat vetrarins
Hvernig fór matið fram?	Með endurmatslista
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn deildanna
Helstu niðurstöður mats	Við náðum að auka samstarf milli deilda með flæði, hópastarfi o.fl. Þátttaka barnanna jókst á öllum sviðum og vinnustaðamenningin breyttist til hins betra, meiri samstaða og hjálpsemi, jákvæðni og gleði.

Hvað var metið?	Fataklefinn
Hvernig fór matið fram?	Með spurningarlista
Hverjir tóku þátt í matinu?	Elstu börnin
Helstu niðurstöður mats	Fataklefinn er ágætur en vont þegar hann er blautur eða allur í sandi. Börnin vilja fá að ráða hver er í hólfi við hliðina á þeim og þá væri gaman að skreyta fataklefann með eldingum og myndum af geimverum í loftinu.



Ytra mat

Hvað var metið?	Stofnun ársins
Hvernig fór matið fram?	Með rafrænum spurningum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats	Góðar niðurstöður. Hækkuðum okkur í öllum þáttum nema hvað varðar launakjör en lægst vorum við í launakjörum og vinnuskilyrðum.

Hvað var metið?	Leikskólinn og -starfið
Hvernig fór matið fram?	Með rafrænum spurningum
Hverjir tóku þátt í matinu?	foreldrar
Helstu niðurstöður mats	Lang flestir foreldrar ánægðir og telja að börnunum líði vel í leikskólanum, upplýsingaflæði fínt, samskipti almennt góð en faliðunin kom illa niður á sumum.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Umbótaþáttur/matsþáttur	Umgengni
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að börnin læri að ganga betur um leikföng, bækur og annan efnivið, gangi frá, raði og fari vel með.
Aðgerðir til umbóta	Ræða við börnin í samverustundum, leiðbeina þeim í frjálsum leik og kenna þeim frágang. Þá þarf starfsfólk að vera góðar fyrirmyndir.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025-maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Huglægt mat og umræða á fundum.
Viðmið um árangur	Eru leikföngin heil? Bækur heilar? Er vel gengið frá, er snyrtilegt hjá okkur?

Umbótaþáttur/matsþáttur	Vinna með aldursmiðuð markmið
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að hver deild eigi skýra og auðskilda verkferla varðandi markmið um námsferla og þroska fyrir hvern aldurshóp. Þar með er þess gætt að hver árgangur fái viðeigandi örvun og kennslu í leikskólanum og starfið helst í stöðugri þróun.
Aðgerðir til umbóta	Nefnd hittist reglulega og fer yfir hvern aldurshóp fyrir sig með tilliti til viðeigandi þroska og getu. Nefndin útbúi svo verkferla og kynni fyrir öðrum starfsmönnum leikskólans sem svo vinna í átt að settum markmiðum. Í nefndinni sitja þeir sem hafa faglega þekkingu á viðfangsefninu. Einnig væri mikilvægt að efni fundanna væri ákveðið fyrirfram og þá væri hægt að kalla til starfsfólk með sérfræðiþekkingu á viðkomandi efni á þann fund sem við á.
Ábyrgð	Stjórnendur og nefnd
Hvenær hefst og hvenær eru lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Á nefndar-, deildar- og/eða stjórnendafundum.
Viðmið um árangur	Verkferlar tilbúnir og farið að vinna eftir þeim.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Efla starfsfólk í Blæ og persónubrúðunum
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að allt starfsfólk viti út á hvað verkefnin ganga og upplifi sig öruggt í að vinna með Blæ og persónubrúðurnar.
Aðgerðir til umbóta	Fræðsla á starfsdögum í haust.





Ábyrgð	leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru lok?	September 2025 – maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Með endurmati haust- og vorannar.
Viðmið um árangur	Að unnið sé með Blæ og persónubróður

Umbótaþáttur/matsþáttur	Fagleg þekking
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Efla faglega vitund starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta	Að starfsfólk lesi eina faggrein á mánuði sem undirbúningur fyrir fagfundi.
Ábyrgð	Deildarstjórar undirbúningsvinnuna og starfsmenn framkvæmdina
Hvenær hefst og hvenær eru lok?	Miðjan október – lok maí
Hvenær og hvernig á að meta?	Í endurmatslistum haust- og vorannar
Viðmið um árangur	75% starfsfólk les greinarnar





4 Innra mat deilda

Brekka 1-2 ára börn

Félagsfærni, samskipti, agastefna

Styrkleikar

Börnin lærðu að deila dóti, skiptast á og bera virðingu fyrir hvort öðru.
Starfsfólk lærði betur á agastefnu Heiðarborgar

Tækifæri

Halda áfram að kenna næsta árgangi félagsfærni og góð samskipti. Efla starfsfólk í að tileinka sér agastefnu Heiðarborgar enn betur og viðhalda henni.

Tákn með tali

Styrkleikar

Börnin lærðu tákn allra barna og starfsmanna, ásamt fleirum táknum sem tengdust mat, dögum, mánuðum, fatnaði og fl.

Tækifæri

Að innleiða og læra fleiri tákn.

Sjálfsefning og læsi

Styrkleikar

Börnin voru dugleg að læra ný orð sem tengdust þemu í leikskólanum. Þau voru dugleg í sjálfshjálp og að tjá tilfinningar sínar.

Tækifæri

Að halda áfram að styrkja greindir barnsins.



Litlir laukar - bragðlaukabjálfun:

Styrkleikar

Börnin lærðu fullt af nýjum orðum tengdum mat. Matur og matmálstímar urðu mjög spennandi sem og að læra að skera, snerta og finna lykt. Starfsfólkið lærði hvernig best væri að takast á við matvæðni og hvaða aðferðum er gott að beita til að fá börnin til að prufa sig áfram.

Tækifæri

Að innleiða verkefnið í skipulag næsta árs.





Lundur 2-3 ára börn

Að styðja við og efla samfélagið innan leikskólans. Það nær til foreldra, barna, starfsfólks og nærumhverfisins:

Styrkleikar

Mikið traust ríkti milli foreldra og starfsmanna. Foreldrar gátu tekið þátt í því sem börnunum var kennt í leikskólanum og eftir þau meira í þeim þáttum. Börnin urðu öruggari í leikskólaumhverfinu og kynntust hvort öðru betur svo við vonum að aðlögun milli deilda verði ekkert vandamál að hausti. Jákvæður andi er í húsinu og starfsfólk ánægt.

Tækifæri

Þessi umbótaþáttur er nú orðinn fastur liður í starfinu á Lundi og munum við halda áfram að framkvæma hann á svipaðan hátt á næsta ári þar sem okkur finnst samstarf leikskóla og foreldra mjög mikilvægur hlutur og gott að finna til mikils trausts hjá foreldrum gagnvart okkur eins og var í ár. Einnig höldum við áfram að efla starfsandann

Tala um tilfinningar, hvernig okkur líður:

Styrkleikar

Börn lærðu að setja sig í spor hvors annars, lærðu að tjá tilfinningar sínar og hvernig þau geta brugðist við í ákveðnum aðstæðum.

Tækifæri

Tala um fjölbreyttari félagssögur og kenna börnunum á fleiri tilfinningar og að tjá þær á réttan hátt. Vinna meira með Brekku og skipta yngstu krökkunum niður í viðeigandi hópa svo hægt sé að kenna flóknari hugtök fyrir lengra komna en byrjað á byrjuninni með hina. Vera með gleðiskala sýnilegan á deildinni en með honum getum við spurt barn hvar það er á skalanum og börn sem eiga erfitt með að tjá sig geta sýnt starfsfólki að fyrra bragði hvernig þeim líður.



Nýta þau þemu sem eru skipulögð í leikskólanum og kenna börnunum hluti í kringum það til að styrkja greindir barnsins:

Styrkleikar

Orðaforði barnanna jókst umtalsvert, þau náðu betra taki á því sem var kennt og öðluðust meira en bara yfirborðs þekkingu. Börnin urðu almennt forvitnari og þau náðu að tengja saman það sem kennt var í kringum þemað. Sköpunargáfan jókst þar sem þau fengu að spreyta sig á allskonar efnivið. Nýja starfsfólkið fékk að spreyta sig á að kenna þemað og var það oft með nýtt sjónarmið svo kennsluefnið fékk yfirhalningu til hins betra í stað þess að staðna.

Tækifæri

Velja viðfangsefni og skoða það í þaula frá mörgum sjónarhornum, sem dæmi torfbær, börnin mála hann, byggja hann í listasmiðju, leika við að byggja torfbæ úr leikefni, skoða hvernig hann var smíðaður í alvöru. Nýta betur undirbúningstíma og skipuleggja okkur betur svo við lendum ekki í því að vera ekki tilbúin.

Litlir laukar - bragðlaukapijálfun:

Styrkleikar

Starfsfólk og börn lærðu að nálgast mat á allt annan hátt. Matur og matmálstímar urðu mjög spennandi, börnin lærðu fullt af orðaforða tengdum mat auk þess að eflast við að skera, bera fram, velja og hlusta á sinn eigin líkama, hvort þau séu södd eða svöng. Starfsfólk lærði hvernig best er að takast á við matvanda krakka og hvaða aðferðum er gott að beita til að fá börnin til að prufa sig áfram.

Tækifæri

Að innleiða verkefnið inn í starfið almennt.





Laut 3-5 ára börn

Samvinna eldri deilda

Styrkleikar

Eldri deildir unnu saman í vetur, tóku börn af sama aldri af deildunum til að fara í Blæ stundir, listagil, íþróttir og útinám. Notaðir voru 3 dagar í viku og fékk hvert barn að vinna í listagili, æfa sig í íþróttum og æfa samskipti í Blæstundum ásamt því að taka þátt í verkefninu litlir laukar - bragðlaukaþjálfun.

Tækifæri

Börnin af báðum eldri deildunum fengu tækifæri til að gera það sama og að kynnst krökkum af hinni deildinni svo oft mynduðust vinabönd. Mannauðurinn nýttist betur og starfsmenn fengu meiri ábyrgð. Við munum halda áfram með þessa samvinnu með örlitlu breyttu sniði þó þar sem deildirnar verða aldurshreinni en verið hefur.

Umhverfið sem þriðji kennarinn

Styrkleikar

Við notuðum salinn undir krefjandi verkefni á þeim tíma sem hægt var en einnig aðrar deildir ef því var við komið. Þetta skapaði meiri ró í barnahópnum og hægt var að bjóða upp á meiri fjölbreytni í leikinn.

Tækifæri

Börnin af deildinni fengu tækifæri að vinna í rólegu umhverfi og dýpka leik sinn meira. Við munum nýta okkur mannlausar deildir og salinn eins og hægt er.

Þátttaka barna

Styrkleikar

Börnin fengu að breyta skipulagi deildar með samþykki starfsmanna og elstu börnin fengu að velja sér snagafélaga í fataklefanum í lok annar. Öll börn á Laut fengu hlutverk og skiptust á að vera þjónar, söngstjórar, fataklefastjórar og veðurfræðingar. Öll þessi hlutverk eru vinsæl og tilhlökkun er þegar það er skipað í þau.



Tækifæri

Að leyfa börnunum að vera þátttakendur í ákvarðanatökum og hönnun umhverfis eflir öryggi barna til að tjá hugmyndir sínar og hugsanir. Þetta gekk vel og telst lokið og börnin munu áfram vera þátttakendur.

Félagsfærni

Styrkleikar

Vellíðan og samskipti barna voru eflað með því að vinna með Blæ í samvinnu við aðrar deildir. Ekki var unnið markvist með Gefðu 10 en var þó notað þegar þörf var á og barninu gefinn meiri tími.

Tækifæri

Að vinna með einn árgang í Blæstund var mun áhrifameira þar sem börnin voru á sama þroskaskeiði, tengdu vel við tilfinningar sínar og gátu auðveldlega sett sig í spor annarra barna á sama aldri. Þetta skipulag er því komið til að vera. Að vinna markvisst með gefðu 10 getur hjálpað og eflt barn til muna því munum við einnig halda áfram með það.





Bali 3-5 ára börn

Efla samskipti og vellíðan barna:

Styrkleikar

Blæstundir voru fastur liður í hópstarfi eldri deilda og var mánaðarlegt skipulag búið til fyrir stundirnar sem miðaðist við aldur og getu barnanna. Farið var í félagsfærnisþil og lesnar voru klípusögur sem gáfu innsýn í vandamál sem gætu komið upp á milli barnanna. Einnig var mikið unnið í samskiptum, passað að börnin gætu sett orð á tilfinningar sínar og að þau lærðu að setja sig í spor annarra. Þau voru hvött til að leita aðstoðar, ekki bara til kennara og starfsmanna, heldur líka til hvers annars.

Tækifæri

Við unnum ekki jafn mikið með „Gefðu 10“ og við vildum en stefnum á að gera það meðvitaðra og markvissara hjá okkur á næsta skólaári. Einnig höldum við að með því að hafa deildarnar aldurshreinni muni starfsfólk ná að halda betur utan um samskipti og tilfinningar barnanna.

Efla þátttöku barna í ákvarðanatöku og hönnun umhverfisins:

Styrkleikar

Börnin valdefldust töluvert með því að taka að sér sérstök hlutverk þar sem þau voru t.d. veðurfræðingar, þjónar, fataklefastjórar og samverustjórar. Þá var lögð áhersla á að verkefni hvers hlutverks væru í stöðugri þróun þannig að fataklefastjórar t.d. væru ekki bara að passa upp á að fataklefinn væri snyrtilegur, heldur fengu, með tímanum, líka að bera ábyrgð á að minna krakkana á hvaða föt ætti að fara í og að veita þeim aðstoð sem þurftu. Auk þess sýndu börnin að þeim finnst þau geta haft áhrif en þau voru t.d. sífelld að endurhanna og skipuleggja umhverfið inni í innri stofu, með því að færa sófa, hillur og kósýhorn eftir því hvernig leikurinn var skipulagður í hvert sinn. Að lokum voru börnin eflld í því að koma fram fyrir hóp og deila reynslu sinni úr heimamenningu og þannig tjáð hugsanir sínar eða tilfinningar í sambandi við ólík viðfangsefni.





Tækifæri

Við viljum halda áfram í þessari vinnu og þróa fleiri hlutverk sem börnin geta tekið að sér eins og t.d. umhverfisfræðinga, trúnaðarmenn ofl. Einnig viljum við gera betur í að gera nám barnanna sýnilegra með því að safna fleiri skráningum sem bera kennsl á reglur, aðferðir, samskipti og þróun í leik barnanna.

Efla námstækifæri barna:

Styrkleikar

Miklar breytingar voru gerðar á umhverfi deildarinnar til að bjóða upp á fleiri námsmöguleika. Við losuðum okkur við lokaðan efnivið, eins og Barbie-hús, og reyndum að auka opið svæði inni á deild með því að færa borð og hillur. Einnig bættum við kósýhorni inni í innri stofu þannig að krakkarnir gætu haft stað til að kúra og draga sig í hlé og markvissari eldhúskrók þar sem börnin gætu þróað hlutverkaleiki. Við vorum dugleg að nýta okkur salinn, færa borð og stóla og útbúa kubbasvæði eða hreyfisal. Að lokum nýttum við flæðið til að breyta til, færa húsgögn og gefa hverju svæði nýja merkingu en yfirhöfuð voru krakkarnir miklu meðvitaðri um möguleika sem umhverfið gæti boðið upp á og sjálfstæðari í að hanna umhverfið eftir þeirra þörfum.

Tækifæri

Við viljum halda áfram að kanna möguleikana sem umhverfið okkar hefur upp á að bjóða. Einnig myndum við vilja auka enn meira opinn efnivið á deildinni og gera náttúruna sýnilegri í gegnum plöntur, greinar o.fl.



Efla samskipti og samvinnu á milli starfsmanna á eldri deildum og í kjölfarið skapa fjölbreyttari námstækifæri fyrir börnin:

Styrkleikar

Okkur gekk ágætlega að leggja grunn að samvinnu á milli eldri deilda í gegnum skipulagt hópastarf og flæði. Aldurshóparnir unnu markvisst saman í hreyfistundum, útinámi, listagili, blæstundum og verkefnavinnu. Flæðið gekk vel, starfsfólk deildanna var meðvitað um að skipuleggja örvandi umhverfi og lausnamiðað í að skapa skemmtilega stund í kaffitíma barnanna. Eldri deildirnar náðu að funda saman í nokkur skipti, sem gerði samskiptin á milli starfsmanna einfaldari og skýrari. Yfir höfuð var meira samræmi í starfsháttum á milli deilda.

Tækifæri

Passað verður upp á að hafa reglulega sameiginlega fundi, þar sem starfsfólk fær að meta stöðuna og deila reynslu sinni af gangi verkefna. Unnið verður eins og hægt er að því að skipuleggja undirbúningstíma starfsmanna svo að hópstjórar hvers árgangs geti undirbúið verkefni saman.





5 Umbótaáætlun 2024-2025

Yngri deildir/1-3 ára börn			
Umbótapáttur/matspáttur	Ábyrgð barna inni á deild	Tilfinningar	Hópastarf milli Lunda og Brekku
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að sjálfsefningu barna og færni í að meta aðstæður	Að börnin þekki tilfinningar sínar, beri virðingu fyrir hvort öðru og það ríki vinátta og friður.	Að samræmi sé milli deildanna varðandi kennsluhætti
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í upphaf viku fá börnin ákveðin hlutverk. Borðþjónar: leggja á borð Veðurfræðingur: tékkar á veðrinu og segir hinum börnunum frá sem síðan ákveða í sameiningu hvernig klæðast skuli í útiveru. Umhverfisfræðingur: vökrar plönturnar á deildinni, sker ávexti og fer, ásamt kennara, út með ruslið.	Starfsfólk fari á Blénámskeið. Vera með Blæstundir. Setja upp tilfinningaskala á deildinni og kenna börnunum á hann. Vera með ferðabangsa sem fer heim þar sem foreldrar og börn tala saman um þá tilfinningu sem við erum að ræða saman um, skrifa í bók sem börnin mega síðan skreyta.	Skipuleggja hópastarf betur svo hver starfsmaður viti hvað vera skal. Vera búin að ákveða fyrirfram og undirbúa hvað skal gera í hópastarfi. Búa til stundatöflu.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar.	Deildarstjóri, allir starfsmenn	Deildarstjórar og starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær lýkur	Október - júní.	Sept-júní	Miðjan okt-júní
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum í desember og maí. Kunna börnin að leggja rétt á borð? Kunna börnin að velja föt eftir veðri og hefur orðaforðinn um veður aukist? Hafa börnin aukið kunnáttu sína á plöntum og umhverfi?	Taka umræður á deildarfundum. Að börnin þekki og geti lagt orð á tilfinningar sínar. Að börnin séu komin með grunnfærni í að vinna rétt úr tilfinningum sínum.	Samtal milli starfsfólks. Umræður á sameiginlegum deildarfundum.





Bali/4-5 ára				
Umbótapáttur/ matspáttur	Pátttaka barna	Skráningar	Efniviður	Þemavinna
Tækifæri til umbóta	Efla þátttöku barna í ákvarðanatökum og hönnun umhverfisins.	Efla virkni starfsfólks í að fylgjast með leik barnanna, taka skráningar og gera niðurstöður sýnilegar.	Nýta tækifæri sem umhverfið býður upp á.	Efla og dýpka þemavinnu með tilliti til áhuga barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skoða fleiri hlutverk sem börnin gætu haldið utan um (s.s. umhverfisfræðingur, trúnaðarmaður)	Fræða starfsfólkið um skráningar, gildi þeirra og framkvæmd, svo það verði virkara í að fylgjast með leik barnanna og skrá hann niður með mismun. aðferðum. Að nám barnanna verði sýnilegt í ferilmöppum eða á veggjum skólans	Að starfsfólk sé meðvitað um þann efnivið sem er til staðar í leikskólanum og nýti hann í faglegu starfi. Að lögð sé meiri áherslu á opinn og náttúrulegan efnivið.	Að vinna lengur með hvert þema svo börnin öðlist betri skilning á viðfangefninu. Að starfsfólk hafi tíma til að nýta áhuga barnanna og kafa dýpra.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar.	Deildarstjórar undirbúningsvinnuna, allir starfsmenn framkvæmdina	Allir starfsmenn deildarinnar.	Allir starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026	September 2025 – júní 2026	September 2025 – júní 2026	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum í lok haust- og vorannar	Fara yfir skráningarnar á deildarfundum.	Á sameiginlegum deildarfundum eldri deilda.	Á deildarfundum
Viðmið um árangur	Pegar starfsfólk upplifir að börnin séu örugg með að tjá hugmyndir sínar og hugsanir og þau sýni sjálfstæði í ákvarðanatökum.	Pegar nám barna verður sýnilegra á veggjum leikskólans.	Starfsfólk hefur náð að rannsaka og uppgötva alla möguleika efniviðs og umhverfis.	Pegar áhugi barna og starfsfólks fær að blómstra á mismunandi sviðum.





Laut/3-4 ára börn

Umbótapáttur/matspáttur	útinámi	Samverustundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að nýta betur þau gögn sem til eru fyrir útinám	Að börnin sitji kyrr og hlusti á þann sem hefur orðið ásamt því að tjá sig í hóp.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að undirbúa og taka til verkefni áður en farið er í útinám	Starfsmenn sitji með börnunum og taki þátt í samverustundinni. Merkja sæti fyrir hvert barn
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar.	Deildarstjóri, allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær lýkur	September 2025 – maí 2026	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Með umræðum á deildarfundum í lok haustannar og aftur í lok vorannar.	Með umræðu á deildarfundum í janúar 2026

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.

Eins og komið hefur fram hefur mikil vinna verið sett í skólaverkefnið okkar sem fellst í að laga vinnustaðamenninguna og bæta vellíðan starfsmanna. Þær framfarir sem við höfum náð á því sviði hefur endurspeglast í starfsþróunarsamtölunum og almenn ánægja með stöðuna í húsinu.

Nokkrar óskir komu frá starfsfólkinu varðandi fræðslu á komandi vetri. Það eru óskir um fræðslu varðandi vináttuverkefnið Blæ og persónubruðurnar, sem taka barnasáttmála sameinuðu þjóðanna fyrir, og verður komið til móts við þær óskir. Persónubruðurnar hafa verið í Heiðarborg í tíu ár eða svo og löngu orðið tímabært að hressa aðeins upp á það verkefni sem hefur dalað undanfarið. Þá eru fimm ár síðan Blær kom til okkar og þörf á uppfærslu þar líka. Einnig munum við halda áfram að vinna með vinnustaðamenninguna og samskipti og fáum góðan fyrirlestur eða námskeið sem tengist því.



7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Hefð hefur skapast í Seláshverfinu fyrir samstarfi milli leikskóla í hverfinu og Selásskóla. Markmið með samstarfinu er að skapa samfellu í námi barna og auka sjálfstraust þeirra. Undirbúningsfundur er að hausti þar sem kennarar beggja skólastiga skipuleggja samstarf komandi skólaárs og fastsetja dagsetningar. Það sem við gerum til að efla tengsl milli skólastiga er m.a.:

- Nemendur í 1. bekk heimsækja gamla leikskólann sinn
- Nemendur í 5. bekk lesa fyrir leikskólabörn í tengslum við dag íslenskrar tungu
- Leikskólabörninn heimsækja bókasafn Selásskóla
- Leikskólabörninn setjast á skólabeck einu sinni að vetri og taka þátt í bekkjastarfi
- Leikskólabörninn fara í heimsókn í íþróttasal Selásskóla
- Leikskólabörninn heimsækja frístundina
- Leikskólabörninn mæta með foreldrum sínum í vorskólann



8 Foreldrasamvinna

Í Heiðarborg er frábær hópur foreldra sem lætur sér annt um skólann og er ekki sama hvernig unnið er með börnunum. Samstarfið hefur verið gott, mikil hjálpsemi og jákvæðni í hópnum. Við munum halda áfram að bjóða foreldrum í morgunmat eins og við höfum gert núna í tvö ár, heimsækja þá í vinnuna og bjóða þeim í kaffi á hinum ýmsu dögum. Þá höfum við fengið ömmu og afa í lið með okkur til að hjálpa barnabörnunum að gróðursetja sumarblóm í garðinum okkar og munum halda því skemmtilega verkefni áfram.

Stjórn foreldrafélagsins er vel virk og gerir margt með börnunum og fjölskyldum þeirra. Þá tók ein móðirin upp á því að kaupa endurskinsmerki, hengja þau á grenitrén við göngustíginn að leikskólanum fyrir börnin og fjölskyldur þeirra að taka að vild.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar starfsársins 2025-2026 verða eftirfarandi daga:

Fimmtudaginn 21.ágúst 2025 þar sem komandi vetur verður undirbúinn og deildirnar skipulagðar upp á nýtt vegna breytinga á aldri barnanna innan hvernar deildar fyrir sig.

Fimmtudaginn 2.október er sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu (Austurmiðstöð). Þennan dag fáum við námskeið um hvernig vinna má með barnasáttmálann með því að nota persónubrúður.

Föstudaginn 28.nóvember, sem einnig er sameiginlegur með Austurmiðstöð, fer í námskeið um vináttuverkefnið Blæ ásamt fleiru.

Mánudaginn 5.janúar 2026 sem verður nýttur í að skipuleggja vorönnina.

Föstudaginn 6.febrúar er sameiginlegur skipulagsdagur í Austurmiðstöð og er stefnan tekin á leikskólaráðstefnu SFS

Mánudaginn 27.apríl munum við skipuleggja sumarið

Reynt er að hafa starfsmanna- og deildarfundi á öllum starfsdögum.

Leikskóladagatal 2025 - 2026											
Nafn leikskóla: Heiðarborg											
ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÍJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 M	1 D	1 S	1 M	1 M	1 M	1 M
2 L	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 M	2 F	2 L	2 M	2 F
3 M	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 M	3 F	3 L	3 M	3 F
4 F	4 M	4 F	4 M	4 F	4 M	4 M	4 M	4 F	4 L	4 M	4 F
5 M	5 M	5 F	5 M	5 F	5 M	5 M	5 M	5 F	5 L	5 M	5 F
6 L	6 M	6 F	6 M	6 F	6 M	6 M	6 M	6 F	6 L	6 M	6 F
7 M	7 M	7 F	7 M	7 F	7 M	7 M	7 M	7 F	7 L	7 M	7 F
8 F	8 M	8 F	8 M	8 F	8 M	8 M	8 M	8 F	8 L	8 M	8 F
9 M	9 M	9 F	9 M	9 F	9 M	9 M	9 M	9 F	9 L	9 M	9 F
10 L	10 M	10 F	10 M	10 F	10 M	10 M	10 M	10 F	10 L	10 M	10 F
11 M	11 M	11 F	11 M	11 F	11 M	11 M	11 M	11 F	11 L	11 M	11 F
12 F	12 M	12 F	12 M	12 F	12 M	12 M	12 M	12 F	12 L	12 M	12 F
13 M	13 M	13 F	13 M	13 F	13 M	13 M	13 M	13 F	13 L	13 M	13 F
14 L	14 M	14 F	14 M	14 F	14 M	14 M	14 M	14 F	14 L	14 M	14 F
15 M	15 M	15 F	15 M	15 F	15 M	15 M	15 M	15 F	15 L	15 M	15 F
16 F	16 M	16 F	16 M	16 F	16 M	16 M	16 M	16 F	16 L	16 M	16 F
17 M	17 M	17 F	17 M	17 F	17 M	17 M	17 M	17 F	17 L	17 M	17 F
18 L	18 M	18 F	18 M	18 F	18 M	18 M	18 M	18 F	18 L	18 M	18 F
19 M	19 M	19 F	19 M	19 F	19 M	19 M	19 M	19 F	19 L	19 M	19 F
20 F	20 M	20 F	20 M	20 F	20 M	20 M	20 M	20 F	20 L	20 M	20 F
21 M	21 M	21 F	21 M	21 F	21 M	21 M	21 M	21 F	21 L	21 M	21 F
22 L	22 M	22 F	22 M	22 F	22 M	22 M	22 M	22 F	22 L	22 M	22 F
23 M	23 M	23 F	23 M	23 F	23 M	23 M	23 M	23 F	23 L	23 M	23 F
24 F	24 M	24 F	24 M	24 F	24 M	24 M	24 M	24 F	24 L	24 M	24 F
25 M	25 M	25 F	25 M	25 F	25 M	25 M	25 M	25 F	25 L	25 M	25 F
26 L	26 M	26 F	26 M	26 F	26 M	26 M	26 M	26 F	26 L	26 M	26 F
27 M	27 M	27 F	27 M	27 F	27 M	27 M	27 M	27 F	27 L	27 M	27 F
28 F	28 M	28 F	28 M	28 F	28 M	28 M	28 M	28 F	28 L	28 M	28 F
29 M	29 M	29 F	29 M	29 F	29 M	29 M	29 M	29 F	29 L	29 M	29 F
30 L	30 M	30 F	30 M	30 F	30 M	30 M	30 M	30 F	30 L	30 M	30 F
31 M	31 M	31 F	31 M	31 F	31 M	31 M	31 M	31 F	31 L	31 M	31 F

Í reglugerð um leikskólaþróunina segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skólaþráss þeirra skulu vera á sama tíma og skólar annarra barna. Leikskólar eru opnaðir í minnst tveimur dögum nemma í grunnskóli en hinn þriðji dag verður í hálfdagur eða heila. Leikskólaþróun
leikna ekki vegna þessa. Strákarnir ganga í leikskólum eða íu til og gjóld leikna vegna þessa. Foreldrar eru þurfa þurfa þessa dagja sérstaklega einn það og greiða þá þá dag. Börn sem dvelja í leikskólum
Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tveimur virka daga í sumari. Leikskólaþróunir ákveður, að hófu samráði við starfsmenn og foreldraáð viðkomandi leiksskóla hefur tekiðskólinn verði opin allri samunni eða loki samfellt í tíu til
tuttugu virka daga. Stefnu skóla- og frístundavísar er að í hverju hvern leikskólaþróendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skólaþrássina til hagræðis við fjölskyldu í Reykjavík.




10 Fylgiskjöl



HÍ

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

5 NIÐURSTÖÐUR





Heiðarborg 23.06.2025

Jóhanna **Benný** Hannesdóttir
Leikskólastjóri





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Heiðarborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Karen Ósk Jónsdóttir Hjaltalín
Marta Malgorzata Kancyr
Sævar Ingþórsson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Starfsáætlunin gefur greinargóða mynd af starfi Heiðarborgar á síðasta starfsári og helstu áherslum fyrir skólaárið 2025–2026.

- **Greinargerð leikskólastjóra** sýnir að mikill árangur hefur náðst í vinnustaðamenningu, samskiptum og samstarfi, bæði innan leikskólans og við foreldra. Verkefni eins og *litlir laukar* – *bragðlaukajólfun* og ræktun í gróðurhúsi hafa aukið fjölbreytni í starfi og jákvæðni hjá börnum og starfsfólki.
- **Innra og ytra mat** bendir til bættrar samstöðu, ánægju foreldra og góðrar nýtingar á húsnæði, þó að aðbúnaður starfsfólks sé enn áskorun.
- **Umbótaáætlanir** fyrir næsta ár leggja áherslu á: betri umgengni barna um efnivið, aldurshæf markmið og verkferla, styrkingu starfsfólks í notkun Blæs og persónubréða, og aukna faglega þekkingu.
- **Deildirnar** hafa hver fyrir sig unnið að skýrum markmiðum, s.s. að efla samskipti, tilfinningalæsi, þátttöku barna í ákvarðanatöku og nýtingu umhverfisins sem „þriðja kennara“.
- **Samstarf við foreldra og aðra skóla** er vel skipulagt og leggur grunn að samfelli í námi og jákvæðu samfélagi í kringum börnin.

Umsögn samkvæmt gátlista

1. **Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?**
Já, starfsáætlunin byggir á styrkleikum og niðurstöðum síðasta árs og sýnir áframhaldandi þróun í sömu meginstefnu, t.d. í vinnustaðamenningu, þverfaglegu samstarfi og matarmenningu barna.
2. **Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?**
Já, hún er skýr, vel uppbyggð og auðvelt að átta sig á markmiðum, umbótum og framkvæmd. Töfluyfirlit og greinargerðir gera hana læsilega bæði fyrir starfsfólk og foreldra.
3. **Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?**
Já, hún gefur góða yfirsýn yfir það sem börnin upplifa daglega, bæði í námi, leik og félagsþroska. Lýsingar á verkefnum og samstarfi við foreldra gera áætlunina sérstaklega aðgengilega og áhugaverða fyrir fjölskyldur.
4. **Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?**
Starfsáætlunin er metnaðarfull og vönduð. Athugasemdir gætu helst snúið að því að:
 - Gera framtíðarsýnina um umbætur í aðbúnaði starfsfólks enn skýrari (hvernig verður brugðist við skorti á vinnuaðstöðu).
 - Setja mælanlegri viðmið í sumum verkefnum (t.d. hvernig árangur í þátttöku barna í ákvarðanatöku verði metinn).





Niðurstaða

Starfsáætlunin er heildstæð, fagleg og sýnir fram á sterka þróun í starfi Heiðarborgar. Hún er bæði hagnýt fyrir starfsfólk og upplýsandi fyrir foreldra og styður við meginmarkmið menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Karen Ósk Jónsdóttir Hjaltalín

Marta Malgorzata Kancyr

Sævar Ingþórsson





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



